

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir kr. 9 000 verðmæti í hverri ferð, enda hafi þeir verið lengur í ferð en 20 daga. Tilsvarandi undanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í ferð, er kr. 3 000 við hverja komu.
3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 370 17. des. 1974, um innflutnings- og gjaldeyrisleysi, með áorðnum breytingum.

*Viðskiptaráðuneytið, 5. janúar 1977.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## AUGLÝSING

### um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1977:

Tollskrárn.	Vörutegund	Innflutningskvóti 1977
09.01.21	Kaffi, brennt, malað eða ómalað í smásölu-umbúðum 2 kg. eða minna	} kr. 18 000 000
17.04.01	Lakkris, sykraður og lakkrísvörur	
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	} kr. 90 000 000
17.04.05	Karamellur	
17.04.06	Vörur úr gúmmiarabikum	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í	
18.06.04—		
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó, ót. a.	

Tollskrárn.	Vörutegund	Innflutningskvóti 1977
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts	} kr. 10 000 000
úr 96.02.01	Málningarpenslar aðrir en listmálunarpenslar	
96.02.03	Burstar, sópar með plastbaki, ót. a.	
úr 96.02.04 og úr 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmiþvögur á skafti og skaftþvögur	

Brauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur í tnr. 19.07 og 19.08 verða áfram háðar innflutningseftirliti. Mun úthlutun innflutningsheimilda fyrir þeim vörum verða með sama hætti árið 1977 og árið 1976.

Fyrsta úthlutun innflutningsleyfa fyrir þessum vörum fer fram í febrúar n. k. Umsóknir skulu hafa borist Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1977.

*Viðskiptaráðuneytið, 6. janúar 1977.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*